

Heimsminjar og umhverfið

Sjálfbærni umhverfisins

Verndun heimsminja getur verið mikilvægt framlag til umhverfisverndar, menningarlegrar og náttúrulegrar fjölbreytni og tengsla fólks við umhverfið. Heimsminjavernd beinir sjónum okkar að nokkrum af veigamestu vandamálum heimsins, til dæmis fjölda plöntu- og dýrategunda sem eru í útrýmingarhættu og áhrifum þess á líffræðilegan fjölbreytileika. Ekki er síður mikilvægt að allar heimsminjar eru verndaðar undir alþjóðlegu hugmyndinni um vistfræðilega sjálfbæra þróun. Staðir, skráðir í heimsminjaskrá UNESCO, eru verndaðir í samræmi við þarfir viðkomandi samfélags þegar kemur að notkun auðlinda og sjálfbærni umhverfisins. Að auki vekur heimsminjaskráin athygli á bæði *menningarlegum* og *náttúrulegum* minjum og hinni einstöku tengingu sem er á milli þessara tveggja flokka.

Heimsminjaskráin gefur að þessu leyti einstakt tækifæri til heildrænnar nálgunar í umhverfisvernd þar sem hún nær yfir verndun á allri menningarlegri og náttúrulegri fjölbreytni.

Í dag, árið 2015, eru 197 náttúruminjar skráðar í heimsminjaskrá UNESCO. Þessar minjar vernda plöntu- og dýrategundir, vistkerfi, landfræðileg svæði, vistfræðileg og líffræðileg ferli og náttúrulegt kjörlendi ásamt svæðum sem hafa einstakt fagurfræðilegt gildi. Þessi svæði þekja yfir 10% af vernduðum svæðum heimsins (á sjó og landi).

Þróun tegunda og útrýming

Þróun tegunda er samfelld náttúrulegt ferli. Nýjar tegundar verða til í gegnum erfðabreytingar sem leiða til aukins líffræðilegs fjölbreytileika. Tap á fjölbreytileika verður þegar ákveðin plöntu- eða dýrategund á erfitt með að aðlagast nýjum umhverfisskilyrðum og gengur illa að fjölga sér sem leiðir á endanum til útrýmingar tegundarinnar. Ofveiði á ákveðnum dýrategundum er einnig áhrifaþáttur í tapi á líffræðilegum fjölbreytileika. Fornleifar gefa til kynna að flestar dýra- og plöntutegundir deyi út á endanum. Þó er almennt talið að í dag deyi tegundir út hraðar en nýjar tegundir verði til. Mörgum heimsminjasvæðum hefur því verið komið á fót til að tryggja verndun plöntu- og dýrategunda í útrýmingarhættu.

Líffræðilegur fjölbreytileiki eða líffjölbreytni

er hugtak sem notað er til að vísa í þann margbreytileika sem er í öllu lífi á jörðinni, þar með talið plöntur, dýr og örverur; gen þeirra og vistkerfið sem þau tilheyra. Verndun líffræðilegs fjölbreytileika er afar stórt verkefni því það felur í sér verndun alls lífríkis jarðarinnar. Verndun heimsminja er mikilvægur þáttur í alþjóðlegu átaki til að varðveita líffræðilega fjölbreytni og reiðir sig á alþjóðlegu samvinnu.

Tap á líffræðilegum fjölbreytileika er yfirleitt óafturkræft, sérstaklega þegar um er að ræða vistkerfi sem eru í hættu, líkt og eyjar og votlendi.

Það er því mjög mikilvægt að við séum meðvituð um þær hættur sem ógna líffjölbreytni og förum strax í aðgerðir til að mæta hættunum og minnka áhrif þeirra. Verndun líffræðilegs fjölbreytileika er, auk þess að vernda dýrategundir í útrýmingarhættu, góð leið til þess að tryggja langtíma varðveislu vistkerfa, náttúrulegra lífríkja planta og dýra og umhverfisins í heild.



Un Photo/ Mark Garten